

Nd.

668. Frumvarp

til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Búnaðarbanki Íslands.

1. gr.

Orðið „bústofnslánadeild“ í 3. gr. laga nr. 31 frá 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, falli burt.

2. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Stofnsjóð veðdeildar Búnaðarbankans skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, eftir því sem viðlagasjóðslánin greiðast og við verður komið, og hefir stjórn Búnaðarbankans heimild, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til greiðslu vaxta af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, ef nauðsynlegt þykir vegna útlánsvaxta deildarinnar.

3. gr.

39. gr. sömu laga orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að taka allt að 5 millj. króna lán, innanlands eða utan, á ábyrgð ríkisins, til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

4. gr.

40. gr. sömu laga falli burt.

5. gr.

IV. kafli sömu laga (Bústofnslánadeild) falli niður.

II. KAFLI

Ræktunarsjóður.

6. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, komi nýr liður, er verði 5. liður, svo hljóðandi:

Það af Viðlagasjóði Íslands, sem er fram yfir eign veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eins og hann telst 1. jan. 1935.

7. gr.

Í stað orðanna „flokkur var opnaður“ í lok 3. gr. sömu laga komi: flokknum var lokað.

8. gr.

Í stað „3½%“ í 6. gr. sömu laga komi: 2½%.

9. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. sömu laga bætist: og baktryggingu frá lántakanda, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

10. gr.

13. gr. sömu laga breytist þannig:

- a. Á eftir „áburðargryfja“ í c-lið greinarinnar komi: og gróðrarhúsa.
- b. Í stað „20“ í c-lið komi: 30 — og í stað „25“ í d-lið komi: 35.
- c. Aftan við greinina komi ný málsgrein:

Heimilt er stjórn Búnaðarbanka Íslands, ef lántakendur óska þess, að gera þær ráðstafanir um eldri lán til þeirra framkvæmda, er um getur í c- og d-liðum og veitt hafa verið til skemmri tíma en þar segir, að láns-tíminn skuli lengdur allt að því, sem hann má mestur vera samkvæmt liðum þessum, en þó aldrei meira en svo, að ætíð sé lokið útdrætti hvers flokks vaxtabréfa á tilsettum tíma.

11. gr.

16. gr. sömu laga breytist þannig:

- a. Á eftir orðunum „tryggingarláni úr Ræktunarsjóði“ komi: er seljandi skyldur að tilkynna sjóðnum eigendaskipti.
- b. Í stað orðanna „þá er stjórn sjóðsins“ komi: og er stjórn sjóðsins þá.

12. gr.

19. gr. sömu laga breytist svo:

- a. Í stað „15“ í fyrstu málsgrein komi: 13.
- b. Orðin „til 20 ára“ í 1. málsgrein falli burt.
- c. Í stað „6%“, „5½%“ og „6%“ komi: 5%, 4½% og 5%.

13. gr.

Í stað „ákveðnum“ í 21. gr. sömu laga komi: næsta.

14. gr.

Fyrri málsgrein 27. gr. sömu laga orðist svo:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Kirkjujarðasjóðs, Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, svo og annara sjóða, er standa undir vörzlu ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa vaxtabréf Ræktunarsjóðs, og ákveður landbúnaðarráðherra árlega upphæðina, eftir að hafa kynnt sér reikningsskil viðkomandi sjóða.

15. gr.

28. gr. sömu laga orðist svo:

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefir á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkv. lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

16. gr.

29., 30. og 32. gr. sömu laga falli burt, og greinatalan breytist samkv. því.

17. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál 6.—16. greinar þeirra inn í lög nr. 17 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau út svo breytt.

III. KAFLI

Ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar.

18. gr.

4. gr. laga nr. 79 19. júní 1933, um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta af vöxtum af fasteignaveðslánum bænda, sem er fram yfir 5%.

Heimild þessi nær til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga. Á sama hátt heimilast ríkisstjórninni að greiða til Ræktunarsjóðs 1% af þeim ræktunarsjóðsbréfum, sem eru í eign annara en Búnaðarbanka Íslands.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.